

Skilmálar í heild sinni:

- 1. Leikurinn er opinn íbúum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi, 18 ára eða eldri, að undanskildum starfsmönnum leikshaldara, umboðsmönnum hans, dreifingaraðilum eða tengdum fyrirtækjum leikshaldara eða nánum fjölskyldumeðlimum (skilgreint sem foreldrar, börn, systkini, makar og lífsförunautar og aðrir einstaklingar sem búa á sama heimili), og öllum sem tengjast þessari kynningu í gegnum starf sitt.
- 2. Vörukaup eru nauðsynleg fyrir þátttöku. **Vinsamlegast geymdu sundurliðaða kvittun sem staðfestir með tíma og dagsetningu að varan hafi verið keypt áður en þú tókst þátt í leiknum en þó innan viðkomandi kynningartímabils. Kvittunin er staðfesting á gildri þátttöku og vinningshafi gæti þurft að sýna hana til þess að fá vinninginn afhentan.** Fyrir þátttöku í leiknum þarf netaðgang, snjallsíma með myndavél (nota þarf myndavél til að skanna QR-kóða við þátttökuskráningu, sjá ákvæði 6 fyrir frekari upplýsingar), Kellogg's reikning og gilt netfang.
- 3. Vinsamlegast athugaðu að þótt við hvetjum til þátttöku í leiknum viljum við stuðla að ábyrgri neyslu á vörum okkar. EKKI kaupa meira af vörum en þú getur eðlilega notað eða neytt, bara til að taka þátt í leiknum.
- 4. **Aðalleiktímabil:** Opið er fyrir þátttöku í leiknum frá kl. 00:01 CEST (01:01 EEST) þann 1. júlí 2026 (23:01 BST þann 30. júní 2026) til kl. 23:59 CEST (22:59 BST) þann 30. september 2026 (00:59 EEST þann 1. október 2026) meðtalið, en innan þessa tíma eru tvö (2) undirtímabil („undirtímabil“) eins og lýst er hér að neðan. Hægt er að skrá þátttöku á milli kl. 00:00:01 og 23:59:59 eftir það hvern dag á aðalleiktímabilinu.

Undirtímabil	Upphafstími og -dagsetning	Lokatími og -dagsetning
1	00:01 CEST þann 1.7.2026	23:59 CEST þann 15.8.2026
2	00:01 CEST þann 16.8.2026	23:59 CEST þann 31.10.2026

- 5. **Framlengt leiktímabil:** Eftir aðalleiktímabilið verða þær þátttökuskráningar sem gerðar eru á milli kl. 00:01 CEST (01:01 EEST) þann 1. október 2026 (23:01 BST þann 30. september 2026) og 23:59 CET (22:59) GMT) þann 31. október 2026 (00:59 EET þann 1. nóvember 2026), að upphafs- og lokadagsetningum meðtöldum, færðar inn á framlengt leiktímabil.
- 6. **Þátttaka í leiknum:** Þátttakendur verða að:
 - a. Kaupa dós af Pringles.
 - b. Nota snjallsíma til að skanna QR-kóðann á dósinni eða fara inn á pringles.com og finna sumarleik Pringles á Poptopia svæðinu;
 - c. Skrá sig inn eða búa til nýjan Poptopia reikning;
 - d. Smella á „Spila núna“; og
 - e. Ljúka áskoruninni á sem stystum tíma.
- 7. **Frekari skilyrði fyrir þátttöku:**
 - a. Það er mögulegt að snjallsímar með eldri stýrikerfi en iOS 14 eða Android 9, og iPhone 8-símar eða eldri geti ekki hlaðið gögnum nógu hratt og þannig haft áhrif á keppnistíma þátttakanda.

- b. Aðeins er hægt að ræsa leikinn með Safari útgáfu 17.1 eða nýrri, Samsung Internet útgáfu 23 eða nýrri, eða Google Chrome útgáfu 119 eða nýrri. Öll öpp verða að vera virkjuð með JavaScript til að ræsa leikinn.
8. Í hvert skipti sem leikurinn er spilaður, verður að fylgja ný kvittun fyrir vörukaupum sem voru gerð á leiktímabilinu og staðfesta að kaupin hafi farið fram áður en leikurinn var spilaður.
9. Að hámarki er leyfð ein (1) skráning á mann á dag á hverju leiktímabili og að hámarki er leyfður einn (1) vinningur á hvern þátttakanda, á bæði aðal- og framlengdu kynningartímabili.
10. Vinningshafar verða að geyma sundurliðaða kvittun sem staðfestir með tíma og dagsetningu að varan hafi verið keypt innan viðkomandi kynningarbils, áður en þeir tóku þátt í leiknum. Kvittunin er staðfesting á gildri þátttöku og vinningshafi gæti þurft að sýna hana til þess að fá vinninginn afhentan. Ef þátttakandi getur ekki lagt fram kvittanir fyrir öllum innsendum þátttökuskráningum getur sá þátttakandi ekki lengur tekið þátt í leiknum og öll þátttaka viðkomandi í leiknum eftir það verður ógild.
11. **Vinningar á aðalleiktímabili:** Á aðalleiktímabilinu eru tveir (2) vinningar í boði; einn (1) vinningur á hvoru undirtímabili. Hvor vinningur samanstendur af 1 x VIP ferð til Ibiza fyrir tvo að andvirði um það bil 4.000 EUR / 29.876,54 DKK / 47.345,64 NOK / 43.408,72 SEK / 594.400,00 ISK, þar á meðal:
- Flug báðar leiðir frá millilandaflugvelli nálægt vinningshafa til Ibiza á Spáni, háð framboði;
 - Akstur til og frá flugvelli á Ibiza;
 - gisting í 3 nætur á 5* hóteli á Ibiza í tveggja manna herbergi með morgunverði; og
 - vinningshafi velur eitt (1) af eftirfarandi 5 sumarævintýrum á Ibiza fyrir vinningshafa og gest:
- Kvöldveisla sem samanstendur af tveimur (2) aðgöngumiðum að Ushuaia með mat (takmarkanir gilda).
 - Heill dagur á strandklúbbi. Vinningshafi velur á milli Ushuaia Beach Club Ibiza, O Beach Ibiza, Nikki Beach Ibiza og Coco Beach Ibiza og fær frátekna sólbekki, handklæði og sólhlíf ásamt mat og drykk yfir daginn.
 - Heill dagur af útivist og ævintýrum, þar á meðal kajakferð með snorkli og hellakönnun, fjórhjólaferð og fallhlífasiglingu.
 - Matarupplifun sem samanstendur af kvöldverði við sólsetur á Café Mambo ásamt drykkjum og kennslu í matreiðslu tapas og paella.
 - Einkasigling (annaðhvort á vélbát, seglbát eða tvíbytnu, háð framboði) með tækifærum til að snorkla, róa á bretti og skoða hella.

Allir gengisútreikningar frá evrum byggjast á gengi gjaldmiðla þegar samningsdrögin eru skrifuð.

12. **Vinningur á framlengdu leiktímabili:** Einn (1) vinningur verður í boði á framlengdu leiktímabili. Vinningurinn er 1 x VIP-ferð til Ibiza fyrir tvo að andvirði um það bil 4.000 EUR / 29.876,54 DKK / 47.345,64 NOK / 43.408,72 SEK / 594.400,00 ISK, þar á meðal:
- Flug báðar leiðir frá millilandaflugvelli nálægt vinningshafa til Ibiza á Spáni, háð framboði;
 - Akstur til og frá flugvelli á Ibiza;
 - gisting í 3 nætur á 5* hóteli á Ibiza í tveggja manna herbergi með morgunverði; og

- d. Vinningshafi velur eina (1) af eftirfarandi 5 sumarupplifunum á Ibiza fyrir vinningshafa og gest:
- Kvöldveisla sem samanstendur af tveimur (2) aðgöngumiðum að Ushuaia með mat (takmarkanir gilda).
 - Heill dagur á strandklúbbi. Vinningshafi velur á milli Ushuaia Beach Club Ibiza, O Beach Ibiza, Nikki Beach Ibiza og Coco Beach Ibiza og fær frátekna sólbekki, handklæði og sólhlíf ásamt mat og drykk yfir daginn.
 - Heill dagur af útivist og ævintýrum, þar á meðal kajakferð með snorkli og hellakönnun, fjórhjólaferð og fallhlífásiglingu.
 - Matarupplifun sem samanstendur af kvöldverði við sólsetur á Café Mambo ásamt drykkjum og kennslu í matreiðslu tapas og paella.
 - Einkasigling (annaðhvort á vélbát, seglbát eða tvíbytnu, háð framboði) með tækifærum til að snorkla, róa á bretti og skoða hella.

Allir gengisútreikningar úr Evrum byggjast á gengi gjaldmiðla við útdrátt.

13. Frekari upplýsingar um vinninga og skilyrði:

- Umsjónaraðili vinninga er Cloud Nine Incentives („umboðsaðili vinninga“).
- Hver vinningur gildir fyrir vinningshafa og 1 gest.
- Velji vinningshafi kvöldveislu eða strandklúbb verður gestur hans að vera eldri en 18 ára.
- Velji vinningshafi ævintýradag, matreiðslu eða bátsferð má gestur hans vera yngri en 18 ára. Allir gestir yngri en 18 ára verða að vera í fylgd með ábyrgum fullorðnum með samþykki foreldris/forráðamanns.
- Vegna eðlis vinningsins er uppgengið verðmæti áætlað og getur breyst eftir markaðssveiflum og því hvenær hann er innleystur.
- Vinningshafi fær ekki reiðufé eða neinar aðrar bætur ef raunverulegur vinningskostnaður er lægri en áætlað er í þessum skilmálum og skilyrðum.
- Boðið verður upp á flug báðar leiðir frá millilandaflugvelli nálægt vinningshafa sem flýgur beint til Ibiza. Val á millilandaflugvelli er flogið er háð ákvörðun leikshaldara og umboðsaðila vinninga.
- Akstur til og frá flugvelli í heimalandi vinningshafa er ekki innifalinn.
- Gisting miðast við að tveir (2) fullorðnir deili tveggja manna herbergi í þrjár (3) nætur á Ibiza á Spáni. Gististaður verður ákvarðaður af umboðsaðila vinninga og er alfarið ákvörðun hans.
- Bóka þarf ferðina og fara í hana fyrir 31. október 2027, háð framboði. Vinningshafi verður að gefa umboðsaðila vinninga upp þrjár ákjósanlegar ferðadagsetningar á þremur aðskildum mánuðum með að minnsta kosti 6 vikna fyrirvara fyrir dagsetningu dvalarinnar. Ekki er hægt að taka vinninginn út þannig að ferðin lendi á eftirfarandi dögum: Valentínusardegi, jólum, gamlárskvöldi, páskum, á frídögum skóla og almennum frídögum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi.
- Ferðatilhögun, þ.m.t. kostnaður vegna almenningssamgangna, eldsneytis eða bílastæða, til og frá heimili vinningshafa eða gesta og brottfararflugvallar, er ekki hluti af vinningnum og er á ábyrgð vinningshafa og ferðafélaga hans. Til að taka af allan vafa eru ferðir innanlands, matur, drykkir, aukakostnaður á hóteli, skoðunarferðir, skemmtigarðar/skemmtanir, vegabréfsáritanir, minjagripir, þjóf fé, bílastæðagjöld eða

annar kostnaður af persónulegum toga sem er ekki beinlínis settur fram í þessum skilmálum ekki innifalin í vinningnum og hvorki leikshaldari né neinn veitandi nokkurs hluta vinningsins (þar með talið umboðsaðili vinninga) ber ábyrgð á slíkum kostnaði. Akstur til og frá brottfararflugvelli frá heimili vinningshafa er ekki innifalinn.

- l. Aðrir skilmálar sem tengjast valinni upplifun geta átt við og verða þeir kynntir við bókun hjá umboðsstofu vinninga.
- m. Í einhverjum tilvikum gæti valin upplifun krafist ákveðinnar líkamlegrar færni eða hreysti. Vinningshafar ættu að ganga úr skugga um að þeir uppfylli tilskilin skilyrði áður en þeir staðfesta valið.
- n. Endanleg framkvæmd valinnar upplifunar getur farið eftir framboði og veðri.
- o. Velji vinningshafi dag á strandklúbbi eða matarupplifun verður hann að upplýsa umboðsstofu vinninga um allar sérþarfir hvað varðar mataræði eða matarofnæmi ekki seinna en 3 vikum áður en farið er í ferðina.
- p. Velji vinningshafi ævintýradag, er hægt að dreifa þeim athöfnum sem í boði eru á fleiri daga meðan á ferðinni stendur.
- q. Allir flugvallarskattar og -gjöld eru innifalin í vinningi ásamt einni innritaðri tösku á hvorn farþega.
- r. Skipulagning vinningsferðarinnar fer fram með tölvupósti á milli umboðsstofu vinninga og vinningshafa. Umboðsaðili vinninga mun leitast við að veita vinningshafa upplýsingar um vinninginn við fyrsta tækifæri. Leikshaldari og umboðsaðili vinninga taka lokaákvörðun um alla þætti vinninganna og skipulagningu þeirra. Þegar upplýsingar um vinninginn, þar á meðal dagsetningar og staðsetningar, hafa verið staðfestar, getur vinningshafinn ekki breytt þeim.
- s. Það verður á ábyrgð vinningshafa og gests hans að taka á eigin kostnað allar viðeigandi tryggingar (þar með talið en ekki takmarkað við sjúkra- og ferðatryggingar, tryggingar fyrir þjófnaði, tjóni og eignatjóni) sem kunna að vera nauðsynlegar eða skynsamlegt að taka.
- t. Allir hlutar vinningsins eru háðir framboði. Leikshaldari áskilur sér rétt til að skipta út hvaða hluta vinningsins sem er fyrir annan vinning að jöfnu virði eða hærra ef upphaflegur hluti vinningsins er ekki tiltækur.
- u. Þegar miðar hafa verið gefnir út gilda þeir aðeins fyrir þau flug, dagsetningar og tíma sem sýnd eru. Engir aðrir kostir eru í boði. Nafnabreytingar á flugi sem búið er að staðfesta eru ekki leyfilegar.
- v. Vinningshafi og gestur hans verða að hlíta og lúta birtum skilmálum flugfélagsins.
- w. Vinningshafi á ekki rétt á neinum bótum og á enga kröfu á skipuleggjendur, umboðsaðila vinninga eða leikshaldara ef ferðinni, eða öðrum viðburði sem er hluti af vinningnum, er seinkað, frestað, breytt eða lögð niður.
- x. Aðgangskort að setustofu og uppfærslur eru ekki leyfð. Ekki er hægt að nota neins konar vildarpunkta eða -kerfi, eða annan afslátt, afsláttarmiða, inneignir, kynningar eða sértílbóð. Ekki er hægt að safna neins konar vildarpunktum fyrir flugmiðana.
- y. Flugsæti eru háð framboði.
- z. Vinningshafi og gestur hans þurfa vegabréf sem gildir í að minnsta kosti 6 mánuði frá ferðadegi. Allar nauðsynlegar vegabréfsáritanir eru á ábyrgð vinningshafa og gests hans. Ef vinningshafi eða gestur hans geta ekki ferðast vegna vegabréfsáritunar eða annarra persónulegra aðstæðna verða engir aðrir miðar gefnir út og engar bætur eða aðrir vinningar veittir.

- aa. Vinningshafi og gestur verða að ferðast saman í öllum tilfellum, á sömu dögum og tíma, fara í sömu ferðina og deila sama herbergi í öllum gistirýmum. Vinningshafi afsalar sér vinningnum að öllu leyti ef vinningshafi kemst ekki í fyrirhugaða ferð og leikshaldari og allir veitendur einhvers hluta vinningsins hafa engar frekari skuldbindingar við vinningshafa.
- bb. Allir hlutar vinnings skulu vera nýttir í sömu ferð.
- cc. Vinningshafi ber ábyrgð á hegðun sjálfs síns og gesta við viðtöku vinnings. Leikshaldari áskilur sér rétt, að eigin geðþótta, að útiloka vinningshafa og/eða gesti hans frá þátttöku í einhverjum þáttum vinningsins ef annar hvor aðili: (i) hlýðir ekki fyrir mælum leikshaldara eða fyrirtækja sem tengjast vinningnum; eða (ii) hagar sér á þann hátt sem veldur þeim sjálfum eða almenningi hættu; eða (iii) er, að mati leikshaldara, andfélagslegur á einhvern hátt eða veldur ónæði eða óþægindum fyrir aðra. Misbrestur á að fylgja þessum skilmálum kann að leiða til þess að vinningurinn verði dreginn til baka (að öllu leyti eða að hluta).
- dd. Vinningshafi ber einn ábyrgð á öllum aukagjöldum sem stofnað er til á hótelinu meðan á dvöl hans stendur, þar með talið, án takmarkana, kostnaði við máltíðir, drykki, herbergisþjónustu, aukanaetir og þjónustu ásamt sköttum.
- ee. Nauðsynlegt er að innrita sig í herbergið með gildu kredit- eða debetkorti og verður það notað til að tryggja tilfallandi gjöld eins og símtöl úr herberginu eða þjónustu.
- ff. Leikshaldari greiðir kostnað við venjulegt hótélherbergi ásamt tengdum herbergissköttum.
- gg. Ef vinningshafi kys að nýta ekki hluta vinningsins, eða getur ekki notað hluta vinningsins, missir vinningshafinn þann hluta vinningsins.
- hh. Vinningnum er fyrirgert ef:
- i. Vinningshafi eða gestur hans hefur ekki útvegað öll viðeigandi ferðaskilríki fyrir þann dag sem leikshaldari tilgreinir;
 - ii. Lagaleg innflytjendastaða vinningshafa eða gests koma í veg fyrir að hann komist á milli landa, fari úr landi eða ferðist innan þess tímabils sem innleysa skal vinninginn; eða
 - iii. Einhvers konar læknisfræðilegar, lagalegar eða aðrar ástæður komið í veg fyrir að vinningshafi eða gestur geti tekið við og tekið þátt í vinningnum.
- ii. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar, uppfærðar upplýsingar þegar hann skráir sig í leikinn og/eða staðfestir viðtöku vinningsins til að hægt sé að afhenda vinninginn. Leikshaldari getur ekki borið ábyrgð á því ef vinningshafi hefur ekki gefið upp nákvæmar upplýsingar sem hafa áhrif á viðtöku vinninga eða afhendingu vinnings.
- jj. Það er á ábyrgð vinningshafa og gests að skoða allar ferðaráðleggingar sem stjórnvöld gefa út til að ákvarða hvort þeir vilji sætta sig við áhættu af því að ferðast á áfangastaðinn. Leikshaldari ber ekki ábyrgð á tapi eða tjóni sem vinningshafi eða gestur verður fyrir, fylgi þeir ekki þeim ferðaráðleggingum sem stjórnvöld gefa út. Vinningshafi og gestur verða að fara eftir, og bera ábyrgð á að kynna sér allar upplýsingar um, ráðleggingar um bólusetningar, fá þær bólusetningar sem krafist er og kynna sér þær heilbrigðisreglur sem eru í gildi á áfangastað.
- kk. Vinningshafi skal upplýsa leikshaldara ef þörf er á aðgengi fyrir hjólastól eða öðrum sérþörfum varðandi aðgengi.

14. **Val á vinningshafa á aðalleiktímabili:** Sá þátttakandi sem lýkur áskoruninni á sem stystum tíma á hverju undirtímabili telst vera bráðabirgðavinningshafi undirtímabilsins („bráðabirgðavinningshafi“).
15. **Val á vinningshafa á framlengdu leiktímabili:** Sá þátttakandi sem lýkur leiknum á stystum tíma á framlengdu tímabili telst lokavinningshafi til bráðabirgða („lokabráðabirgðavinningshafi“).
16. Ef jafntefli verður á milli tveggja eða fleiri þátttakenda með sama lokatíma á aðalleiktímabilinu eða eftir framlengt leiktímabil, verður haft samband við þá þátttakendur og þeir beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: Hvert er uppáhalds Pringles bragðið þitt og hvers vegna?
17. Þátttökuskráningar sem berast á grundvelli ákvæðis 16 hér að framan verða dæmdar af óháðum þriðja aðila eftir:
- a. Frumleika (af 10 stigum);
 - b. Sköpunargáfu (af 10 stigum); og
 - c. Kímnigáfu (af 10 stigum).
18. **Tilkynning til vinningshafa:**
- a. **Aðalleiktímabil:**Haft verður samband við hvern bráðabirgðavinningshafa (þá þátttakendur sem eru fljótastir að klára leikinn á því undirtímabili sem þeir tóku þátt í leiknum, eða svara spurningunni í 16. grein) með tölvupósti á netfangið sem skráð er á Kellogg's reikninginn innan 28 daga frá því að viðkomandi undirtímabili lýkur, eða frá því að spurningunni í 16. grein var svarað og gætu þá verið beðnir um að leggja fram sannanir fyrir auðkenni og gjaldgengi fyrir þátttöku. Ef bráðabirgðavinningshafi svarar ekki fyrsta tölvupósti innan 14 daga eða fellur úr keppni vegna brota á þessum skilmálum, áskilur leikshaldari sér rétt til að láta vinninginn ganga til þess þátttakanda sem var næstfljótastur að ljúka leiknum, og sem ekki var vinningshafi á aðalleiktímabilinu.
 - b. **Framlengt leiktímabil:** Haft verður samband við lokabráðabirgðavinningshafa (þann þátttakanda sem er fljótastur að klára leikinn á framlengdu leiktímabili, eða svara spurningunni í 16. grein) með tölvupósti á netfangið sem skráð er á Kellogg's reikninginn innan 28 daga frá því að framlengdu leiktímabili lýkur eða frá því að spurningunni í 16. grein var svarað og hann gæti þá verið beðinn um að leggja fram sannanir á auðkenni og gjaldgengi fyrir þátttöku. Ef lokabráðabirgðavinningshafi svarar ekki fyrsta tölvupósti innan 14 daga eða fellur úr keppni vegna brota á þessum skilmálum, áskilur leikshaldari sér rétt til að láta vinninginn ganga til þess þátttakanda sem var næstfljótastur að ljúka leiknum á framlengdu leiktímabili.
19. Ef vinningur gengur ekki út eftir að framlengdu leiktímabili lýkur eða honum er hafnað, ekki afhentur eða ekki sóttur, sama hvaða leiktímabil stendur yfir, eða ef bráðabirgðavinningshafi eða lokabráðabirgðavinningshafi (sameiginlega „bráðabirgðavinningshafi/ar“) er dæmdur úr leik fyrir hvers konar brot á þessum skilmálum, áskilur leikshaldari sér rétt til að láta vinninginn ganga til þess þátttakanda sem kláraði leikinn á stystum tíma án þess að hafa unnið á aðalleiktímabili eða framlengdu leiktímabili, eftir því hvenær vinningurinn átti upphaflega við. Það fer alfarið eftir því hvaða vinningar ganga út á heildarleiktímabili hversu margir vinningar verða afhentir eftir þessari

aðferð. Allir vinningshafar eftir þessari leið fá tilkynningu með tölvupósti innan 45 virkra daga frá lokum framlengda leiktímabilsins.

20. **Samþykkt og afhending vinninga:** Bráðabirgðavinningshafar gætu verið beðnir um að leggja fram sannanir á auðkenni eða gjaldgengi. Þegar bráðabirgðavinningshafi hefur lagt fram sönnunargögn um auðkenni sitt og gjaldgengi ef þess er óskað, ætti hann að vera vakandi fyrir tölvupósti sem staðfestir að hann sé vinningshafi ásamt frekari upplýsingum um vinninginn. Vinsamlegast athugið að það geta liðið allt að 10 dagar þar til vinningshafi fær staðfestingu á netfangið sem gefið var upp í tengslum við Kellogg's reikninginn.
21. Ef svo ólíklega vill til að tölvupóstur með staðfestingu til vinningshafa berist ekki innan 10 daga frá tilkynningu um vinningshafa, hafa vinningshafar 28 daga til viðbótar til að tilkynna það til leikshaldara í gegnum Hafðu samband-síðuna á Pringles.com. Geri vinningshafi það ekki áskilur leikshaldari sér rétt til að endurúthluta ekki vinningnum eða takmarka verðmæti hans að eigin geðþóttu.
22. **Umsjónaratriði:** Leikshaldari áskilur sér rétt til þess að hafna skráningum á grundvelli 16. ákvæðis sem, að sanngjörnu mati hans:
 - a. Innihalda efni sem er særandi eða sýna vörumerki leikshaldara, orðspor hans eða velvild í neikvæðu ljósi;
 - b. Rægja, móðga eða fara með rangfærslur um annað fólk eða önnur fyrirtæki, þar með talið, en ekki takmarkað við, leikshaldara (ásamt samstarfsaðilum hans); eða svör sem lýsa ákveðinni pólitískri skoðun.
23. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar persónuupplýsingar á Kellogg's reikningi sínum til að fá vinninginn afhentan. Leikshaldari ber enga ábyrgð á því ef ekki er hægt að afhenda vinninginn vegna rangrar upplýsingagjafar. Ekki er hægt að uppfæra póstfang eða netfang sigurvegara eftir þátttöku.
24. Vinningshafar þurfa ekki að stofna til neins kostnaðar þegar þeir innleysa vinninga eða jafngildi þeirra. Neytandi kann að stofna til kostnaðar við þátttöku í leiknum. Vinningshafar þurfa ekki að stofna til neins kostnaðar á meðan leikshaldari gerir ráðstafanir til að vinningshafinn fái vinninginn en gætu þurft að bera einhvern kostnað þegar þeir nýta sér vinninginn.
25. Leikshaldari getur farið fram á að vinningshafar taki þátt í sanngjörnu kynningarstarfi vegna leiksins, þar með talið notkun á nafni vinningshafa, rödd, borg/heimilissvæði, myndir, myndskleið eða kvikmyndainnskot og/eða annað myndlíki í auglýsinga- og/eða viðskiptalegum tilgangi og/eða í öðrum tilgangi á hvaða miðli eða sniði sem er nú eða hér eftir, án frekari bóta (fjárhagslegra eða annarra). Þátttaka er á valdi vinningshafa og er ekki skilyrði fyrir móttöku vinninga.
26. Ef einhverjar breytingar verða gerðar á skilmálum þessum, upplýsir leikshaldari þátttakendur um þær í gegnum þessa vefsíðu.
27. **Almennt:** Engar beiðnir sem sendar eru til leikshaldara, hvorki sem sendar eru rafrænt né í pósti, verða teknar til greina.
28. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi leik þennan skaltu hafa samband við þjónustuver:

- a. **Danmörk:** <https://www.pringles.com/dk/contact-us.html>
- b. **Finnland:** <https://www.pringles.com/fi/contact-us.html>
- c. **Noregur:** <https://www.pringles.com/no/contact-us.html>
- d. **Svíþjóð:** <https://www.pringles.com/se/contact-us.html>
- e. **Ísland:** <https://www.pringles.com/is/contact-us.html>

29. Leikshaldari leitast við að kynna leiki á sínum vegum með sanngjörnum og öruggum hætti og koma í veg fyrir misnotkun og svik. Ef þú skráir þátttöku í ósamræmi við þessa skilmála verður þátttaka þín (og öll dulnefni sem tengjast þér) skráð úr leiknum, vinningar fyrnast og leikshaldari áskilur sér rétt til að banna þér þátttöku í framtíðarleikjum í að minnsta kosti sex mánuði. Vegna þessa áskilur leikshaldari sér rétt til hvenær sem er að:

- a. Sannprófa gjaldgengi þátttakenda og/eða vinningshafa með fyrirvara með því að óska eftir þeim upplýsingum sem við teljum nauðsynlegar í þessum tilgangi. Þátttakanda getur verið synjað um þátttöku eða vinning þar til sannprófun er lokið með fullnægjandi hætti.
- b. Fella úr keppni skráningar sem ekki eru gerðar af þeim einstaklingi sem er skráður þátttakandi í leiknum.
- c. Fella úr keppni skráningar sem gerðar voru með ónafngreindri tölvupóstþjónustu, til dæmis, en þó ekki takmarkað við, GuerillaMail, Dispostable eða Mailinator.
- d. Fella úr keppni magnskráningar þátttöku frá einstaklingum, fyrirtækjum, neytendahópum eða þriðju aðilum, skráningar sem ekki eru fullkláraðar og skráningar skráðar með notkun fjölvaskipana (e. „macros“) eða annarri sjálfvirkni.
- e. Fella úr keppni skráningar sem eru yfir leyfðu hámarki eða skráningar með notkun tækni á borð við „skriftumál“, „jarðýtuárás með dulmálslyklum“, notkun fleiri SIM korta fyrir skráningar, dulkóðun auðkennis með því að hagræða IP-adressum, notkun dulnefna eða auðkenna annarra einstaklinga, eða hvers konar annarrar tækni.
- f. Fella úr keppni skráningar sem á einhvern annan hátt uppfylla ekki kröfur þessara skilmála.
- g. Fella úr keppni skráningar sem hafa lokið við lágmarkstíma, eins og leikshaldari ákveður.

30. Þátttakendum er skylt að gefa upp persónuupplýsingar með eigin nafni. Leikshaldari áskilur sér rétt til að vísa þátttakanda úr keppni sem notar mörg nöfn eða netföng og krefjast þess að hann skili vinningum sem hann hefur unnið.

31. Að beiðni sænskra yfirvalda verður eftirnafn og staðsetning vinningshafa birt með því að hafa samband við www.pringles.com/se/contact-us.html og biðja um lista yfir vinningshafa í sumarleik Pringles. Upplýsingarnar verða aðgengilegar í 6 mánuði eftir að framlengdu leikfímabili lýkur. Með fyrirvara, veitir leikshaldari sænskum yfirvöldum allar upplýsingar um vinningshafa, berist honum

sanngjörn beiðni um slíkt. Leikshaldari mun veita öllum eftirlitsaðilum upplýsingar um vinningshafa, enda varði það fylgni við gildandi reglur og lög.

32. Vinningar og gjafir eru hvorki framseljanlegar né skiptanlegar og ekki er hægt að innleysa fyrir peningaverðmæti eða fyrir neinar annars konar bætur. Ef svo ólíklega vill til að einhver hluti vinninga sé ekki fáanlegur áskilur leikshaldari sér rétt til að veita, að eigin ákvörðun, aðra vinninga í staðinn, af sama eða hærra verðmæti.
33. Vinningshafi ber ábyrgð á að greiða alla viðkomandi skatta sem þarf til að fá vinninginn afhentan.
34. Ef ekki er hægt að framkvæma leikinn eins og til er ætlast af ástæðum þar á meðal, en ekki takmarkað við, átt við, óheimilum afskiptum, svikum, óheiðarleika, tæknibresti eða öðrum orsökum sem leikshaldari hefur ekki stjórn á og spillir eða hefur áhrif á umsjón, öryggi, sanngirni, heiðarleika eða rétta framkvæmd þessa leiks, áskilur leikshaldari sér rétt til að víkja úr keppni hverjum þeim einstaklingi sem hefur átt við skráningarferlið eða uppfyllir ekki þessa skilmála og skilyrði, eða ógilda allar skráningar sem hafa áhrif á hana og/eða að hætta við, breyta leiknum eða hætta framkvæmd hans.
35. Engin ábyrgð er tekin á skráningum sem glatast, seinkar, spillast, skemmast, er vísað rangt eða eru ófullnægjandi, eða sem ekki bærust vegna tæknilegra eða flutningstengdra ástæðna eða annarra ástæðna. Sönnun sendingar gildir ekki sem sönnun móttöku.
36. Leikshaldari, umboðsaðili vinninga og tengdir aðilar bera ekki ábyrgð á neinu tjóni (þar með talið, án takmarkana, óbeinu, sérstöku eða afleiddu tapi eða tapi á hagnaði), kostnaði eða tjóni sem verður fyrir eða verður fyrir (hvort sem það verður eða ekki vegna vanrækslu einhvers) í tengslum við þennan leik eða við að taka við eða nota vinninga, að undanskilinni þeirri ábyrgð sem ekki er hægt að útiloka samkvæmt lögum. Ekkert útilokar ábyrgð leikshaldara vegna dauða eða líkamstjóns af völdum vanrækslu af hans hálfu.
37. Leikshaldari ber enga ábyrgð á töfum eða vanrækslu á skuldbindingum sem verða af ástæðum sem hann hefur ekki stjórn á sem gætu verið, en takmarkast ekki við: náttúruhamfarir heimsfaraldur eða svæðisbundinn faraldur, slæm veðurskilyrði, eldsvoða, iðnaðardeilur, stríð, hryðjuverkastarfsemi, stríðsátök, pólitísk ólga, óeirðir, borgaraleg læti, plága eða aðrar náttúruhamfarir
38. Við leggjum okkur fram við að vernda friðhelgi þína. Kellogg Europe Trading Limited (Kellogg) vinnur aðeins úr upplýsingum þínum í eftirfarandi tilgangi: (1) Til að sjá um þennan leik í samræmi við skilmála, og (2) til að hafa samband við þig í tengslum við framtíðarleiki og í markaðslegum tilgangi. Við munum aldrei selja gögn um þig til þriðja aðila en það getur verið að við sameinum gögn þín við gögn annars staðar frá til að byggja upp nafnlausar forstillingar fyrir markmiðaðar auglýsingar. Unnið verður úr gögnum þínum og þau geymd á netþjónum í Bandaríkjunum. Kellogg hefur gengið úr skugga um að allir vinnsluaðilar sem við notum séu skuldbundnir til að vernda gögn samkvæmt stöðluðum ákvæðum Evrópusambandsins. Við geymum gögnin þín eins lengi og samþykki þitt er gilt og þú vilt fá sent markaðsefni. Þú hefur rétt á að nálgast gögn um þig, afturkalla samþykki eða að láta eyða gögnunum. Þú hefur einnig rétt á því að hafa samband við eftirlitsaðila gagnaverndar. Ef þú hefur frekari spurningar um hvernig við notum gögnin, skaltu

skoða Persónuverndarstefnu okkar. Þú getur líka haft samband við okkur á DataPrivacyOfficer@kellogg.com. Farið er með allar upplýsingar sem safnað er um þátttakendur í leiknum sem trúnaðarmál í samræmi við persónuverndarstefnu leikshaldara sem þú getur skoðað með því að smella á https://www.kelloggs.ie/en_IE/privacy-notice.html og velja tungumál stefnunnar úr fellilista hægra megin á síðunni.

39. Allar persónuupplýsingar sem vinningshafi gefur upp til umboðsaðila vinninga verða meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarstefnu, sem er aðgengileg á: www.uponcloudnine.co.uk/privacy.html.
40. Ef þess er krafist samkvæmt lögum eða eftirlitsreglum sem gilda um rekstur leiksins gæti leikshaldari þurft að deila einhverjum persónuupplýsingum vinningshafans með yfirvöldum, aðeins að því marki sem lög kveða á um. Þessar upplýsingar geta verið nafn sigurvegara, eftirnafn, búseta eða aðrar persónuupplýsingar sem leikshaldari þarf að deila.
41. Ef einhver hluti þessara skilmála og skilyrða er með lögum talinn ógildur, ólöglegur, eða honum ekki unnt að framfylgja, mun það ekki hafa áhrif á aðra hluta skilmálanna og eru þeir áfram í gildi.
42. Með skráningu hefur þú samþykkt að fara eftir þessum skilmálum.
43. Ef ósamræmi er á milli þessara skilmála og annarra skilmála sem gilda um kynningarefni munu þessir skilmálar gilda.
44. Skilmálar þessir skulu lúta lögum viðkomandi lands fyrir hvern þátttakanda og túlkun þeirra og beiting falla undir lögsögu dómstóla viðkomandi lands sem þeir eru búsettir í.

Leikshaldari: Kellogg Europe Trading Limited, 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin (skráningarnúmer fyrirtækis 0387390). VINSAMLEGA EKKI SENDA TILKYNNINGAR UM ÞÁTTTÖKU Á ÞETTA HEIMILISFANG.